

Bílaábyrgð Grunntrygging

Skilmáli nr. B-8

Skilmáli þessi er viðbót við almennan skilmála bílaábyrgðar nr. B-6. Félagið bætir samkvæmt honum brot eða bilun á neðangreindum vélarhlutum.

- 1. gr. Vél**
Strokklok, strokkloksþéttir, ventlar (fyrir utan sóthreinsun, brennda eða tærða ventla og ventsæti), ventlögormar, ventilstýringar, kambás og legur, undirlyftur, vökvalyftur, þrýstistangir, knastás og armar, tímahjól, keðjur, reimar og strekkjarar, stimplar, stimpilhringir, strokkshlífar og slífbétti, stimpilstangir og legur, stimpilboltar, sveifarás og legur, olíudæla og olíudæludrif, deilidrifgír, deilidrif, kasthjól og hringgír, flexplata, inntak og fráblástursgrein.
- 2. gr. Hverfilforþjappa**
Innri bilun í hverfilforþjöppu og úttaksventli sem sett var á í verksmiðju bílaframleiðanda.
- 3. gr. Beinskiptur gírkassi og sjálfskipting**
Gírar, snúningsásar, samhröðunarhjól og hringir, skiptiásar og skiptigafflar, framlengingarskaft, átaksbreytir, kúplingar í sjálfvirkum skiptingum og hemlabönd, olíudæla, legur og fóðringar, ventlar og ventilstykkir, gangráður og hjálparbúnaður.
- 4. gr. Drifrás**
Kambhjól og pinjón, mismunadrif og legur, fóðringar, driföxlar, drifsköft, legur og kúluhjöruliðir, krosshjöruliðir, drifskafsupphengjuhús og hjólalegur.

Skilmáli þessi gildir frá 10.06.2005